

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2006 frá 7. júlí 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 6/2006 frá 5. janúar 2006 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar tvívetnisstreptómýsín, tósýlklóramíðnatríum og *Piceae turiones recentes extractum* ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 205/2006 frá 6. febrúar 2006 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar toltrasúríl, díetýlenglýkólmonóetýleter og pólýoxýetýlensorbítanmonóóleat ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32006 R 0006**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 6/2006 frá 5. janúar 2006 (Stjtið. ESB L 3, 6.1.2006, bls. 3),
- **32006 R 0205**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 205/2006 frá 6. febrúar 2006 (Stjtið. ESB L 34, 7.2.2006, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 6/2006 og 205/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 12, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 3, 6.1.2006, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 34, 7.2.2006, bls. 21.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.